

## REGLUR

um breytingu á reglum nr. 160/1986, um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir.

- |  |      |
|--|------|
| 1. Fyrir börn og unglínga til loka skólaskyldu . . . . .                       | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri . . . . .   | 60%  |
| 3. Fyrir þá sem þurfa að nota 2 tæki samtímis og eru 18 ára og eldri . . . . . | 70%  |
| 4. Fyrir þá sem þurfa að nota beinheyrnartæki . . . . .                        | 80%  |

Stjórn Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands er heimilt, að fenginni rökstuddri umsókn, að auka þátttöku ríkisins skv. 2. og 3. tl. í 80%, sé um að ræða verulega skerta heyrn að mati yfirlæknis stöðvarinnar.

2. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stöð í 5. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, að fengnum tillögum stjórnar stöðvarinnar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júní 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 304

19. júní 1991

## AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Borgarness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi:

### 1. Biðskylda (A6).

- 1.1. Umferð um Vesturlandsveg nýtur forgangs fyrir umferð frá Brúartorgi. Vinstri beygja er bönnuð frá suð-austurenda Brúartorgs nr. 6, inn á Vesturlandsveg.
- 1.2. Umferð um Vesturlandsveg nýtur forgangs fyrir umferð frá athafnasvæði Vegagerðar ríkisins við Brúartorg.
- 1.3. Umferð um Borgarbraut nýtur forgangs fyrir umferð frá Brúartorgi nr. 1.
- 1.4. Umferð um Gunnlaugsgötu nýtur forgangs fyrir umferð úr Bröttugötu.
- 1.5. Umferð um Gunnlaugsgötu nýtur forgangs fyrir umferð af Skólastíg.

Reglur þessar taka þegar gildi.

*Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 19. júní 1991.*

**Rúnar Guðjónsson.**